



## Grundarfjarðarbær

### Stefnumótun í ferðaþjónustu í Grundarfirði

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hefur ákveðið að móta stefnu í ferðaþjónustu með aðkomu hagsmunaaðila og annarra áhugasamra. Fyrsti áfangi vinnunnar er að greina stöðu ferðaþjónustu og ýmissa tengdra þátta er varða umhverfi okkar og samfélag.

Í því skyni er efnt til opins samráðsfundar. Markmið fundarins er að skoða stöðuna í ferðaþjónustu í víðum skilningi og verður fundurinn tvískiptur. Annarsvegar öflum við upplýsinga frá utanaðkomandi aðilum og rýnum í hvað er að gerast í ferðaþjónustu úti hinum stóra heimi í dag og hver þróunin er. Til þess höfum við fengið 2 fyrirlesara, þau

**Þórdísi G. Arthursdóttur,**  
**framkvæmdastjóra verkefnisins og samstarfshópsins All Senses á Vesturlandi**  
**og**  
**dr. Edward Huijbens,**  
**forstöðumann Ferðamálaaseturs Íslands, Akureyri**

**Auk þess verður brugðið upp svipmynd af ferðaþjónustu í Grundarfirði fyrir u.þ.b. 10 árum.**

Síðari hluti fundarins er lagður undir **umræður þátttakenda**. Þá tökum við **stöðuna á ferðaþjónustu í Grundarfirði** og **greinum þau tækifæri** sem fundarfólk sér til eflingar hennar.

Efni fundarins verður nýtt í stefnumótunarvinnuna, við mótun á framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu í Grundarfirði.

**Samráðsfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 6. febrúar n.k.**  
**kl. 19.30 – 22.30**  
**í matsal Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Það er ráðgjafarfyrtækið Alta sem hefur umsjón með vinnu að stefnumótuninni með bæjaryfirvöldum og munu þær Björg Ágústsdóttir og Hulda Steingrímsdóttir frá Alta stýra samráðsfundinum.

Vakin er athygli á að ferðaþjónustuaðilar eru ekki eingöngu gististaðir, veitingahús og Sögumiðstöðin, heldur hafa fjölmargir aðilar hag af þessari stefnumótunarvinnu. Vonast er til að sem best samstarf takist um verkefnið og er allt áhugafólk um vöxt og viðgang bæjarins hvatt til að mæta.

Fylgist með frekari upplýsingum á vefsíðu bæjarins, [www.grundarfjordur.is](http://www.grundarfjordur.is)

Spurningum má beina til Bjargar Ágústsdóttur, Alta, verkefnisstjóra á netfangið [bjorg@alta.is](mailto:bjorg@alta.is) eða í síma 898 6605 eða til Jónasar Víðis Guðmundssonar, nýráðins markaðsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar, á netfangið [jonas@grundarfjordur.is](mailto:jonas@grundarfjordur.is) eða í síma 430 8500.

F.h. Grundarfjarðarbæjar,  
bæjarstjórnin í Grundarfirði  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson